

# Ég veit hvar þú finnur

J.A.P Schulz



Ég veit hvar þú finnur hinn fegursta reit með fjöllum og dölum og  
fall - egr - i sveit. Þar ilm - ur er úr jörð - u og heið - loft in  
há sig hjúfr - a að jökl - um - um, fall - eg - a blá.

Þar glitrandi fossarnir falla af brún  
og fénaður gengur um haga og tún.  
Og lyngið í hrauni svo litfagurt er,  
sem logandi rauðagull brosir við mér.

Hér bjarkirnar teygja sig brekkunum mót  
og breiða sitt lauf yfir klappir og grjót.  
Og urtina fegurri aldrei ég sá  
en eyrarrós bleikrauða sandinum á.

Og langt inn til heiða slær hjarta þitt ört  
um hásumars tíð þegar nóttin er björt.  
Þar silungur vakir í vötnum og tjörn,  
í verunum leika sér fuglanna börn.

Og hérna er loftið svo heilnæmt og tært  
og hérna er mannlífið flestum svo kært.  
Já, reiturinn fegursti á Íslandi er,  
af öllu á jörðinni landið mitt ber.

Margrét Ólafsdóttir

